



10. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn í Borgarnesi 30. júlí 2016

Mætt eru Haukur Valtýsson (HV), Örn Guðnason (ÖG), Helga Jóhannesdóttir (HeJ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Gunnar Gunnarsson (GG), Björn Grétar Baldursson (BGB), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ) og Auður Inga Þorsteinsdóttir (AÍÞ) framkvæmdastjóri UMFÍ.

Forföll boðuðu: Hrönn Jónsdóttir (HrJ), Þorgeir Örn Tryggvason (ÞÖT) og Kristinn Óskar Grétuson (KÓG).

1. Fundur settur

Formaður setti fund kl. 09:00 og bauð fundarmenn velkomna.

ÖG falið að rita fundargerð.

Formaður fór aðeins yfir undirbúning og framkvæmd Unglingalandsmótsins.

2. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

Undirbúningur fyrir ULM.

Íslensk getspá ætlar að styrkja verkefnið Framtíðin, félagsleg þjálfun.

Styrkir frá EUF fengust til tveggja verkefna:

a) Kynning/heimsóknir til Lýðháskóla í Danmörku.

b) Styrkur vegna funda með ráðamönnum íþróttafélaga og unglunga.

Skýrsla vegna Hreyfivíku er á lokastigum.

3. Framkvæmdastjórnarfundargerðir nr. 7 og 8

Smá breytingar gerðar á liðnum fundir og ferðir í fundargerð nr. 7.

Fundargerðirnar samþykktar.

4. Ársreikningur 2015 lagður fram til samþykktar

Endurskoðaður ársreikningur frá BDO ehf. fyrir árið 2015 lagður fram.

Farið yfir ársreikninginn og skýrslu endurskoðenda. Ársreikningurinn samþykktur.

5. Unglingalandsmót UMFÍ 2016

Almennt góður taktur í undirbúningi og framkvæmd mótsins.

6. Landsmót UMFÍ 50+

Mikil gleði og ánægja var á mótinu á Ísafirði. Ánægja með kvöldverðinn sem var nýbreytni. Þátttaka var í samræmi við áætlanir.

7. Sambandsráðsfundur 2016

Fundurinn verður haldinn 14.–15. október að Laugum í Sælingsdal. Undirbúningur stjórnar fer fram á næsta stjórnarfundum 9.–10. september.

8. Sex mánaða yfirlit

Framkvæmdastjóri fór yfir sex mánaða yfirlit rekstrar. Rekstur er í samræmi við áætlanir.

9. Önnur mál

- a) **Íslensk getsþá.** ÖG fór yfir rekstur Íslenskrar getsþár fyrstu sex mánuði ársins. Reksturinn hefur gengið mjög vel og er yfir áætlun.
- b) **Skjaldborg kröfufélag 2 ehf.** Tekið fyrir bréf vegna Laugardælalands sem Skjaldborg kröfufélag 2 ehf./UMFÍ á hlutdeild í. Til stendur að auglýsa það til sölu. Samþykkt að HeJ taki sæti í stjórn félagsins í stað Jóns Pálssonar.
- c) **Þingsályktun um lýðháskóla.** Stjórn UMFÍ fagnar þingsályktun Alþingis um lýðháskóla.
- d) **Samúðarkveðja.** Samþykkt að senda samúðarkveðju vegna andláts Péturs Yngvasonar HSP.
- e) **Samningur vegna starfa formanns.** Gjaldkera falið að ganga frá samningi.
- f) **Verndari ungmennfélagsshreyfingarinnar.** Stjórn UMFÍ samþykkir að óska eftir að Guðni Th. Jóhannesson, nýkjörinn forseti Íslands, verði verndari ungmennafélagsshreyfingarinnar.
- g) **Þakkir til fráfarandi forseta.** Stjórn UMFÍ samþykkir að veita Ólafi Ragnari Grímssyni, fráfarandi forseta Íslands, viðurkenningu fyrir velvilja og góðan stuðning við ungmennafélagsshreyfinguna í forsetatíð sinni.
- h) **Samningur um aukin fjárframlög til afreksíþróttar.** Stjórn UMFÍ fagnar nýjum samningi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og ÍSÍ um stórukið framlag ríkisins til afreksíþróttar á Íslandi. Samningurinn hefur mikla þýðingu fyrir íþróttastarf á Íslandi og gerir m.a. sérsamböndum kleift að bæta umgjörð fyrir afreksfólk okkar.

Næsti stjórnarfundur verður 9.-10. september nk. í Reykjavík.

**Fleira ekki rætt og fundi slitið kl.12:10.
ÖG ritaði fundargerð.**